REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. d bætist við ný grein, 1. gr. e, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/99 frá 30. apríl 1999 skulu eftirtaldar EB-gerðir öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 frá 22. desember 1998 um skýrslugjöf málsaðila við tiltekna málsmeðferð samkvæmt 85. og 86. gr. EB-sáttmálans og
2. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48 gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðirnar, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðirnar eru jafnframt birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2842/98

frá 22. desember 1998

um skýrslugjöf málsaðila við tiltekna málsmeðferð samkvæmt 85. og 86. gr. EB-sáttmálans

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr. sáttmálans ([1]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 24. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ([2]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ([3]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 26. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti ([4]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 ([5]), einkum 19. gr.,

að höfðu samráði við viðeigandi ráðgjafarnefndir um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Talsverð reynsla er komin á beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 99/63/EBE frá 25. júlí 1963 um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17 ([6]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1630/69 frá 8. ágúst 1969 um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 ([7]), II. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 frá 16. desember 1988 um tilkynningar, kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ([8]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, og II. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4261/88 frá 16. desember 1988 um kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti ([9]).

2) Þessi reynsla hefur sýnt að gera þarf umbætur á ákveðnum þáttum þessara reglugerða er lúta að málsmeðferð. Fyrir skýrleika sakir er rétt að samþykkja eina reglugerð um mismunandi málsmeðferð við skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 17, reglugerð (EBE) nr. 1017/68, reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og reglugerð (EBE) nr. 3975/87. Því ber að skipta út reglugerðum nr. 99/63/EBE og (EBE) nr. 1630/69 og fella niður II. þátt reglugerða (EBE) nr. 4260/88 og (EBE) nr. 4261/88 og setja nýjan í staðinn.

3) Setja ber ákvæði um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt ákvörðun 94/810/KSE, EB frá 12. desember 1994 um verksvið skýrslugjafarfulltrúa við meðferð samkeppnismála sem eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina ([10]) og skulu þau orðuð þannig að þau verndi að fullu rétt aðila til að gefa skýrslu og taka til varna. Með tilliti til þess réttar að fá að gefa skýrslu ber framkvæmdastjórninni að greina milli aðila, sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum til, umsækjenda eða kærenda og annarra þriðju aðila.

4) Í samræmi við grundvallarregluna um réttinn til að taka til varna ber að gefa þeim aðilum, sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum til, færi á að leggja fram

([1]) Stjtíð. EB 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.
([2]) Stjtíð. EB L 175, 23. 7. 1968, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.
([4]) Stjtíð. EB L 374, 31. 12. 1987, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 18.
([6]) Stjtíð. EB 127, 20. 8. 1963, bls. 2268/63.
([7]) Stjtíð. EB L 209, 21. 8. 1969, bls. 11.
([8]) Stjtíð. EB L 376, 31. 12. 1988, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 376, 31. 12. 1988, bls. 10.
([10]) Stjtíð. EB L 330, 21. 12. 1994, bls. 67.

athugasemdir sínar við hver þau andmæli sem framkvæmdastjórnin hyggst taka tillit til í ákvörðun sinni.

5) Gefa verður umsækjendum eða kærendum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum telji framkvæmdastjórnin að ekki sé nægileg ástæða til að verða við umsókninni eða taka kæruna til meðferðar. Umsækjendur eða kærendur skulu fá afrit af sérútgáfu á andmælunum, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, og eiga þess kost að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum ef framkvæmdastjórnin ber fram andmæli.

6) Einnig ber að gefa öðrum þriðju aðilum færi á að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum sæki þeir skriflega um það.

7) Þeir aðilar, sem hafa rétt til að leggja fram athugasemdir, ættu að gera það skriflega, bæði í eigin þágu og í þágu góðrar stjórnsýslu, samanber þó möguleikann á munnlegri skýrslugjöf, þar sem við á, til viðbótar við hina skriflegu málsmeðferð.

8) Nauðsynlegt er að skilgreina rétt þeirra einstaklinga sem gefa skulu skýrslu og með hvaða skilyrðum þeir megi senda fulltrúa eða njóta aðstoðar.

9) Framkvæmdastjórninni ber að halda áfram að taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

10) Tryggja þarf samræmi milli núverandi stjórnsýslu framkvæmdastjórnarinnar og réttarframkvæmd Evrópudómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í samræmi við auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um innri málsmeðferðarreglur við umfjöllun beiðna um aðgang að málsskjölum í málum er varða 85. og 86. gr. sáttmálans, 65. og 66. gr. stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 [1].

11) Til að stuðla að því að skýrslugjöf fari rétt fram ber að hljóðrita allar yfirlýsingar sem gefnar eru við skýrslugjöfina.

12) Vegna réttaröryggis ber að setja frest sem einstaklingar hafa, samkvæmt þessari reglugerð, til að leggja fram athugasemdir sínar og skulu þær hafa borist framkvæmdastjórninni innan þess frests.

13) Viðeigandi ráðgjafarnefnd samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 17, 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eða 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 skal skila áliti sínu á grundvelli fyrstu draga að ákvörðun. Því ber að hafa samráð við nefndina eftir að rannsókn máls er lokið. Samráð af því tagi skal ekki koma í veg fyrir að framkvæmdastjórnin hefji rannsókn að nýju ef þörf krefur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Reglugerð þessi skal gilda um skýrslugjöf málsaðila samkvæmt 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17, 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 1. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 1. og 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

II. KAFLI

Skýrslugjöf málsaðila sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum til

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal hlýða á málflutning þeirra málsaðila sem hún hefur beint andmælum til áður en hún hefur samráð við viðeigandi ráðgjafarnefnd samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 17, 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eða 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

2. Framkvæmdastjórnin skal í ákvörðunum sínum einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar hafa fengið færi á að tjá sig um.

[1] Stjtíð. EB C 23, 23. 1. 1997, bls. 3.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna málsaðilum skriflega um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Hverjum og einum málsaðila, eða fulltrúa sem þeir hafa tilnefnt á tilhlýðilegan hátt, skal tilkynnt um andmælin.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að koma tilkynningum á framfæri við málsaðila með því að birta tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* ef slíkt virðist rétt með hliðsjón af málsatvikum, einkum þegar koma skal tilkynningu á framfæri við fleiri en eitt fyrirtæki en enginn sameiginlegur fulltrúi hefur verið tilnefndur. Í tilkynningunni skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

3. Einungis er heimilt að úrskurða um sekt eða févíti á hendur málsaðila ef tilkynnt hefur verið um andmælin með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir um andmæli skal hún setja frest sem málsaðilar hafa til að skýra henni skriflega frá sjónarmiðum sínum.

5. Framkvæmdastjórnin skal setja frest sem málsaðilar hafa til að tilgreina þau atriði andmælanna sem þeir telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar. Hafi þeir ekki gert það áður en fresturinn rennur út er framkvæmdastjórninni heimilt að líta svo á að andmælin innihaldi ekki slíkar upplýsingar.

4. gr.

1. Málsaðilar, sem óska eftir að skýra frá sjónarmiðum sínum viðvíkjandi andmælum sem borin eru fram gegn þeim, skulu gera það skriflega og innan þess frests sem um getur í 4. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórnin er ekki skuldbundin til að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

2. Málsaðilum er heimilt að skýra frá öllum atriðum er máli skipta fyrir málsvörnina í skriflegum athugasemdum sínum. Þeim er heimilt að láta fylgja með öll skjöl, sem máli skipta, til að færa sönnur á þau atriði og einnig að leggja til að framkvæmdastjórnin hlýði á málflutning einstaklinga sem kunna að staðfesta fyrrnefnd atriði.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa málsaðilum, sem borin hafa verið fram andmæli gegn, færi á að rökstyðja mál sitt við munnlega skýrslugjöf leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.

III. KAFLI

Skýrslugjöf umsækjenda og kærenda

6. gr.

Telji framkvæmdastjórnin, þegar henni hefur borist umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 17 eða kæra samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eða 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, að ekki sé nægileg ástæða til að verða við umsókninni eða taka kæruna til meðferðar á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum skal hún skýra umsækjanda eða kæranda frá ástæðum þess og veita þeim tiltekinn frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

7. gr.

Beri framkvæmdastjórnin fram andmæli við erindi varðandi umsókn eða kæru, eins og um getur í 6. gr., sem henni hefur borist, skal hún afhenda umsækjanda eða kæranda afrit af sérútgáfu á andmælunum þar sem trúnaðarmálum er sleppt og setja frest sem umsækjandi eða kærandi hefur til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

8. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að gefa umsækjendum og kærendum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.

IV. KAFLI

Skýrslugjöf annarra þriðju aðila

9. gr.

1. Sækist aðrir aðilar en um getur í II. og III. kafla um að fá að gefa skýrslu og sýni þeir fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta skal framkvæmdastjórnin tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að hvetja aðilana, sem um getur í 1. mgr., til að móta rök sín frekar við munnlega skýrslugjöf aðilanna sem andmæli voru borin fram gegn, leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gefa öðrum þriðju aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

V. KAFLI

Almenn ákvæði

10. gr.

Skýrslugjöf skal stjórnað af skýrslugjafarfulltrúa:

11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal kveðja þá einstaklinga sem eiga að gefa skýrslu til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.

2. Framkvæmdastjórnin skal bjóða lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að taka þátt í munnlegu skýrslugjöfinni.

12. gr.

1. Einstaklingar, sem kvaddir eru til, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

2. Einstaklingum, sem gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

3. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið kvaddir til. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

4. Yfirlýsingar hvers einstaklings skulu hljóðritaðar á hljóðband. Hljóðritunin skal tiltæk þessum sömu einstaklingum, leggi þeir fram ósk þess efnis, í afriti þar sem öllum viðskiptaleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum er sleppt.

13. gr.

1. Ekki skal láta í té eða veita aðgang að upplýsingum, þar á meðal skjölum, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál aðilanna sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum til, umsækjenda og kærenda og annarra þriðju aðila og á þetta einnig við um aðrar trúnaðarupplýsingar eða þegar um innanhússskjöl yfirvalda er að ræða. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að veita aðgang að málsskjölum, með tilhlýðilegu tilliti til þess að varðveita verður viðskiptaleyndarmál, innanhússskjöl framkvæmdastjórnarinnar og aðrar trúnaðarupplýsingar.

2. Aðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur. Hafi hann ekki gert það áður en fresturinn rennur út er framkvæmdastjórninni heimilt að líta svo á að athugasemdir hans innihaldi ekki slíkar upplýsingar.

14. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin setur fresti sem kveðið er á um í 3. gr. (4. mgr.), 6. og 7. gr. og 9. gr. (1. mgr.) skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hversu brýnt málið er. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

VI. KAFLI

Lokaákvæði

15. gr.

1. Reglugerðir nr. 99/63/EBE og (EBE) nr. 1630/69 falli úr gildi.

2. II. þáttur reglugerða (EBE) nr. 4260/88 og (EBE) nr. 4261/88 falli niður.

16. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal 2.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2843/98

frá 22. desember 1998

um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum ([1]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ([2]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 26. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti ([3]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 ([4]), einkum 19. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og einokun á sviði flutninga, ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðastöðu í flutningum á sjó og ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1629/69 frá 8. ágúst 1969 um framsetningu, efni og önnur atriði varðandi kærur á grundvelli 10. gr., umsóknir á grundvelli 12. gr. og tilkynningar á grundvelli 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 ([5]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, og af I. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) frá 16. desember 1988 um tilkynningar, kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ([6]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, og einnig af I. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4261/88 frá 16. desember 1988 um kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti ([7]), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, hefur sýnt að gera þarf umbætur á ákveðnum þáttum þessara reglugerða er lúta að málsmeðferð.

2) Fyrir skýrleika sakir er rétt að samþykkja eina reglugerð um málsmeðferð vegna umsókna og tilkynninga á sviði flutninga. Því er rétt að ný reglugerð komi í stað reglugerðar (EBE) nr. 1629/69 og reglugerða (EBE) nr. 4260/88 og (EBE) nr. 4261/88.

3) Það getur haft mikilvæg réttaráhrif þegar fyrirtæki, sem eru aðilar að samningi, ákvörðun eða aðgerðum, skila umsóknum samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 og tilkynningum samkvæmt 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, og umsóknum samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 til framkvæmdastjórnarinnar. Hverju fyrirtæki skal því heimilt að leggja fram slíkar umsóknir eða tilkynningar hjá framkvæmdastjórninni. Enn fremur ber aðila, sem notfærir sér þennan rétt, að tilkynna það hinum aðilunum svo að þeir geti gætt hagsmuna sinna.

4) Umsækjendum og tilkynnendum ber að upplýsa framkvæmdastjórnina nákvæmlega og ráðvandlega um

([1]) Stjtíð. EB L 175, 23. 7. 1968, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.
([3]) Stjtíð. EB L 374, 31. 12. 1987, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 18.
([5]) Stjtíð. EB L 209, 21. 8. 1969, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 376, 31. 12. 1988, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 376, 31. 12. 1988, bls. 10.

staðreyndir og málavexti sem máli skipta þegar tekin er ákvörðun um viðkomandi samninga, ákvarðanir eða aðgerðir.

5) Til þess að einfalda og hraða athugun er æskilegt að mæla svo fyrir að notað sé umsóknareyðublað fyrir neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. og fyrir umsóknir viðvíkjandi 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 og 3. mgr. 85. gr. Einnig ætti að vera unnt að nota þetta eyðublað fyrir umsóknir um neikvætt vottorð viðvíkjandi 86. gr.

6) Til að einfalda afgreiðslu umsókna er rétt að taka upp eitt eyðublað fyrir umsóknir samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 3975/87. Rétt er að taka upp sérstakt eyðublað fyrir tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68.

7) Rétt er að framkvæmdastjórnin haldi áfram að bjóða aðilum, þegar við á, þann kost að ræða fyrirhugaða samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir óformlega og í fyllsta trúnaði áður en umsókn eða tilkynning er lögð fram, ef þeir óska þess. Auk þess skal hún, að tilkynningu eða umsókn fram kominni, hafa áfram náið samband við þessa aðila eftir því sem þurfa þykir til að ræða við þá sérhver vandkvæði er lúta að framkvæmd eða eru lagalegs eðlis og hún rekst á við fyrstu athugun málsins og, ef kostur er, til að ryðja úr vegi slíkum vandkvæðum með samkomulagi.

8) Sú skylda, sem um getur í 5. lið 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar úrskurði gerðardóma og tilmæli, sem sáttasemjarar leggja fram, varðar lausn deilu um samstilltar aðgerðir á sviði samsiglingakerfa sem um getur í 4. gr. og í 2. og 3. lið 5. gr. sömu reglugerðar. Ástæða virðist til að einfalda málsmeðferð vegna þessarar tilkynningar svo sem unnt er. Því er rétt að kveða á um að leggja skuli fram skriflegar tilkynningar ásamt texta viðkomandi úrskurða og tilmæla.

9) Ákvæði þessarar reglugerðar skulu einnig ná til tilvika þar sem lagðar eru fram kærur, umsóknir og tilkynningar viðvíkjandi 53. og 54. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar

1. Öllum fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja, sem eru aðilar að samningum eða samstilltum aðgerðum, eða samtökum fyrirtækja, sem samþykkja ákvarðanir, er heimilt að leggja fram umsóknir eða tilkynningar hjá framkvæmdastjórninni samkvæmt einhverjum eftirfarandi ákvæða:

a) 12. mgr. eða 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68;

b) 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86;

c) 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

2. Leggi einungis sumir aðilarnir, sem um getur í fyrstu málsgrein, fram umsókn eða tilkynningu skulu þeir tilkynna hinum aðilunum þar um.

3. Þegar fulltrúar einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja undirrita umsóknir eða tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.

4. Ef um er að ræða sameiginlega umsókn eða tilkynningu ber að tilnefna sameiginlegan fulltrúa sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra umsækjenda eða tilkynnenda.

2. gr.

Framlagning umsókna og tilkynninga

1. Umsóknir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. sáttmálans og umsóknir samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 skulu lagðar fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði TR í I. viðauka við þessa reglugerð.

Einnig er heimilt að nota eyðublað TR fyrir umsóknir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 viðvíkjandi 86. gr. sáttmálans.

Tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 skulu lagðar fram á eyðublaði TR(B) sem birt er í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Sameiginlegar umsóknir og sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.

3. Senda skal eitt frumrit og 17 afrit af hverri umsókn og tilkynningu og þrjú afrit af fylgiskjölum til framkvæmdastjórnarinnar á póstfangið sem tilgreint er á eyðublöðunum.

4. Fylgiskjöl skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum. Í síðara tilvikinu skal umsækjandi eða tilkynnandi votta að um rétt og óstytt afrit af frumritum sé að ræða.

5. Umsóknir og tilkynningar skulu vera á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins. Sama tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir umsækjanda og tilkynnanda. Skjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

6. Falli umsókn, sem er lögð fram samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eða 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, ekki undir reglugerðina eða reglugerðirnar sem hún skírskotar til skal framkvæmdastjórnin tafarlaust tilkynna umsækjanda að hún hyggist fjalla um umsóknina á grundvelli ákvæða annarrar reglugerðar eða reglugerða sem kann eða kunna að gilda um málið. Gildistökudagur umsóknar skal þó vera samkvæmt 4. gr. Framkvæmdastjórnin greinir umsækjanda frá forsendum sínum og gefur honum frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir áður en hún leggur mat á umsóknina á grundvelli annarrar reglugerðar eða reglugerða. Framkvæmdastjórnin skal ekki veita skemmri frest en tvær vikur og má framlengja hann.

3. gr.

Efni umsókna og tilkynninga

1. Í umsóknum og tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublöðunum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublöðunum, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda umsækjendum og tilkynnendum skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist umsóknin eða tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. mgr. 4. gr.

4. gr.

Gildistökudagur umsókna og tilkynninga

1. Litið skal svo á að umsóknir og tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast framkvæmdastjórninni, samanber þó 2. til 5. mgr. Sé umsókn eða tilkynning hins vegar send í ábyrgðarpósti skal dagsetning gildistöku vera sú sama og á póststimpli póstafgreiðslustöðvar.

2. Telji framkvæmdastjórnin að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu eða meðfylgjandi skjöl séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún tilkynna það umsækjanda eða tilkynnanda skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við tilskildum upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin öðlist gildi þann dag sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í umsókn eða tilkynningu og sé umsækjanda eða tilkynnanda kunnugt um þær eða ætti að vera kunnugt um þær skulu þeir tilkynna þær framkvæmdastjórninni að eigin frumkvæði og tafarlaust.

4. Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

5. Hafi framkvæmdastjórnin ekki sent umsækjanda eða tilkynnanda upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., að liðnum einum mánuði frá því að umsóknin eða tilkynningin barst henni telst umsóknin eða tilkynningin hafa öðlast gildi þann dag sem hún barst framkvæmdastjórninni.

5. gr.

Tilkynningar um gerðardómsúrskurði og tilmæli sáttasemjara

1. Úrskurði gerðardóma og tilmæli, sem sáttasemjarar leggja fram og aðilar samþykkja, skal tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar ef um er að ræða lausn deilu um aðgerðir á sviði samsiglingakerfa sem um getur í 4. gr. og í 2. og 3. lið 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

2. Tilkynningarskyldan hvílir á öllum aðilum að deilunni sem leyst var með úrskurðinum eða tilmælunum.

3. Tilkynningar skal senda þegar í stað í ábyrgðarpósti gegn kvittun fyrir viðtöku eða boðsenda gegn kvittun. Þær skulu vera á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins.

4. Fylgiskjöl skulu vera annaðhvort frumrit eða afrit. Votta skal að um rétt afrit af frumriti sé að ræða. Þau skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins skal fylgja þýðing á eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins.

5. Þegar fulltrúar fyrirtækja, samtaka fyrirtækja eða einstaklingar eða lögpersónur undirrita slíkar umsóknir eða tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.

6. gr.

Umsóknir og tilkynningar viðvíkjandi 53. og 54. gr. EES-samningsins

Umsóknir og tilkynningar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 5. mgr., viðvíkjandi 53. eða 54. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er heimilt að leggja fram á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins eða EFTA-ríkjanna.

7. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 1629/69, (EBE) nr. 4260/88 og (EBE) nr. 4261/88 falli úr gildi.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

forseti.

I. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ TR

INNGANGUR

Eyðublað TR og viðaukinn við það eru óaðskiljanlegur hluti af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga (hér á eftir nefnd „reglugerðin"). Þar með er fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja gert kleift að leggja fram umsóknir samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

Eyðublað TR er ekki eyðublað sem fylla á út.

Til að auðvelda notkun eyðublaðs TR er fjallað um eftirtalin atriði á næstu síðum:

— í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn (A-liður);

— hvaða yfirvaldi (framkvæmdastjórninni eða eftirlitsstofnun EFTA) ber að senda umsóknina (B-liður);

— hvaða markmiðum umsókn getur þjónað (C-liður);

— hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í umsókn (D-, E- og F-liður);

— hverjum er heimilt að leggja fram umsókn (G-liður);

— hvernig leggja skal fram umsókn (H-liður);

— hvernig varðveita má atvinnuleyndarmál fyrirtækjanna (I-liður);

— málsmeðferð í framhaldi af umsókn (J-liður); og

— hvernig ber að skilja tiltekin hugtök tæknilegs eðlis í vinnsluhluta eyðublaðs TR (K-liður).

A. Í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn?

I. *Tilgangur með samkeppnisreglum EB-sáttmálans og EES-samningsins*

1. Tilgangur með samkeppnisreglum Evrópubandalagsins

Tilgangurinn með samkeppnisreglunum er að koma í veg fyrir að samkeppnishömlur eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á hinum sameiginlega markaði. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á hinum sameiginlega markaði, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (texti 85. og 86. gr. er birtur í I. viðbæti við þetta eyðublað) er lagt bann við samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og í 2. mgr. 85. gr. er því lýst yfir að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif (Evrópudómstóllinn hefur þó úrskurðað að ef unnt er að greina takmarkandi skilmála frá öðrum atriðum samningsins eru það einungis þeir sem hafa engin réttaráhrif); í 3. mgr. 85. gr. er þó kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 86. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

Upprunalegu málsmeðferðarreglurnar um framkvæmd 85. og 86. gr., það er að segja ákvæðin um „neikvætt vottorð" og undanþágur samkvæmt 3. mgr. 85. gr., voru settar í reglugerð nr. 17. Í reglugerð ráðsins nr. 141 ([1]) er reglugerð nr. 17 felld úr gildi á sviði flutninga. Síðan voru settar málsmeðferðarreglur um framkvæmd samkeppnisreglna bandalagsins á sviði flutninga sem taka til flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum í reglugerð (EBE) nr. 1017/68, flutninga á sjó í reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og flutninga í lofti í reglugerð (EBE) nr. 3975/87 (tilvísanir í þessar reglugerðir og aðra gerninga, sem um getur á þessu eyðublaði eða skipta máli við umsóknir á þessu eyðublaði, eru taldar upp í II. viðbæti við þetta eyðublað).

([1]) Reglugerð ráðsins nr. 141/62 frá 26. nóvember 1962 um að undanþiggja flutninga frá beitingu reglugerðar ráðsins nr. 17 (OJ 124, 28. 11. 1962, bls. 2753); reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð nr. 1002/67/EBE, (OJ 306, 16. 12. 1967, bls. 1).

Í reglugerðum (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 er, eins og í reglugerð nr. 17, vísað til 85. og 86. greinar EB-sáttmálans. Í reglugerð (EBE) nr. 1017/68 eru aftur á móti lögleiddar grundvallarreglur um samkeppni á sviði flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum. Í 2., 5., 7. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 eru ákvæði sem endurspegla, með minniháttar breytingum, ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 85. gr. og 86. gr. EB-sáttmálans. Þessi ákvæði í reglugerð (EBE) nr. 1017/68 ber að túlka á sama hátt og ákvæði 85. og 86. gr. sáttmálans ([1]).

2. Tilgangurinn með samkeppnisreglum EES-samningsins

Samkeppnisreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (milli bandalagsins, aðildarríkjanna og EFTA-ríkjanna ([2])) byggjast á sömu meginreglum og samkeppnisreglur bandalagsins og miða að sama marki, þ.e. að hindra að einokunarhringir eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins (texti 53., 54. og 56. gr. EES-samningsins er birtur í I. viðbæti) er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja (eða milli EFTA-ríkja), og í 2. mgr. 53. gr. er lýst yfir því að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif; í 3. mgr. 53. gr. er þó kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 54. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja (eða milli EFTA-ríkja). Málsmeðferðarreglur um framkvæmd samkeppnisreglna bandalagsins á sviði flutninga voru settar fyrir flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum í reglugerð (EBE) nr. 1017/68, fyrir flutninga á sjó í reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og fyrir flutninga í lofti í reglugerð (EBE) 3975/87 og að því er Evrópska efnahagssvæðinu viðvíkur fylgja þeim bókanir 21, 22 og 23 við EES-samninginn.

II. *Gildissvið samkeppnisreglna EB-sáttmálans og EES-samningsins*

Beiting 2., 5. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 85. og 86. gr. EB-sáttmálans og 53. og 54. gr. EES-samningsins fer eftir aðstæðum í hverju einstöku máli. Forsenda beitingar er að samkomulagið eða starfshættirnir uppfylli öll skilyrði í viðkomandi ákvæðum. Þetta verður því að kanna áður en umsókn er lögð fram.

1. Neikvætt vottorð

Á sviði flutninga hefur aðeins verið kveðið á um málsmeðferð vegna neikvæðra vottorða fyrir flutninga í lofti. Markmiðið er að veita fyrirtækjum tækifæri til að komast að raun um hvort framkvæmdastjórnin telji að samkomulag þeirra eða starfshættir séu bannaðir samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða ekki. Málsmeðferðin byggist á 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87. Neikvætt vottorð er veitt í formi ákvörðunar þar sem framkvæmdastjórnin staðfestir að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum séu engar forsendur fyrir aðgerðum af hennar hálfu samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins vegna viðkomandi samkomulags eða starfsháttа.

Ekki er þó ástæða til að leggja inn umsókn ef samkomulag eða starfshættir eru augljóslega ekki bannaðir samkvæmt framangreindum ákvæðum. Né heldur er framkvæmdastjórnin skyldug til að veita neikvætt vottorð. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 3975/87 segir „... er framkvæmdastjórninni heimilt að veita staðfestingu ...". Framkvæmdastjórnin gefur aðeins út neikvætt vottorð ef skera þarf úr um mikilvægan túlkunarvanda. Í öðrum tilvikum svarar hún umsókninni með stöðluðu svarbréfi.

Framkvæmdastjórnin hefur birt allmargar auglýsingar viðvíkjandi túlkun 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Þar eru skilgreindir tilteknir flokkar samninga sem bannið nær ekki til sakir eðlis þeirra eða óverulegra áhrifa ([3]).

2. Undanþága

Málsmeðferð vegna undanþágu samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gerir fyrirtækjum kleift að ganga inn í samkomulag sem í raun býður upp á efnahagslegan ávinning en væri, án undanþágu, bannað samkvæmt 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

([1]) Sjá mál nr. T-224/94 Deutsche Bahn gegn framkvæmdastjórninni [1997] ECR II-1689, forsenda nr. 77. Úrskurðað var á fyrsta dómstigi EB-dómstólsins að markmiðið með 8. gr. reglugerðarinnar væri ekki efnislega frábrugðið markmiðinu með 86. gr. sáttmálans.

([2]) Sjá skrá yfir aðildarríki EB og EFTA-ríkin í III. viðbæti.

([3]) Sjá II. viðbæti.

Kveðið er á um þessa málsmeðferð í 12. og 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 12. og 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 5. og 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87. Undanþágan er í formi ákvörðunar þar sem framkvæmdastjórnin lýsir því yfir að 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildi ekki um það samkomulag sem er lýst í ákvörðuninni. Framkvæmdastjórninni ber skylda til að tilgreina gildistíma ákvörðunarinnar, henni er heimilt að láta skilyrði og skyldur fylgja og einnig breyta ákvörðunum eða afturkalla þær eða banna tilteknar athafnir aðila samkomulagsins við tilteknar aðstæður, einkum ef ákvörðunin var byggð á röngum upplýsingum eða aðstæður hafa breyst verulega.

Í reglugerð (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 er kveðið á um andmælameðferð en samkvæmt henni er unnt að afgreiða umsóknir með flýtimeðferð. Ef umsókn telst gild samkvæmt viðeigandi reglugerð, ef hún er fullnægjandi og ef samkomulagið, sem umsóknin tekur til, hefur ekki gefið framkvæmdastjórninni tilefni til að hefja málsmeðferð, annaðhvort vegna kæru eða að eigin frumkvæði, skal framkvæmdastjórnin birta útdrátt úr beiðninni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og óska eftir umsögnum frá öðrum hagsmunaaðilum, aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum ef beiðnin tengist EES-samningnum. Ef mikill vafi leikur á um hvort 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eigi við í þessu tilviki og framkvæmdastjórnin tilkynnir umsækjendum það ekki innan 90 daga frá umræddri birtingu telst samkomulagið undanþegið í þann tíma sem þegar er liðinn og í mesta lagi í þrjú ár frá birtingardegi ef um er að ræða umsóknir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1017/68, og í mesta lagi í sex ár frá birtingardegi ef um er að ræða umsóknir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ýmsar reglugerðir um undanþágur fyrir flokka samninga á sviði flutninga í lofti og á sjó ([1]).

Ákvörðun, þar sem undanþága er veitt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 eða (EBE) nr. 3975/87, getur gilt með afturvirkum hætti. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að samkomulag, sem tilkynnt hefur verið um, falli í raun undir bannið og njóti ekki undanþágu og taki hún þar af leiðandi ákvörðun um að lýsa það ógilt eru hlutaðeigandi aðilar engu að síður, frá og með þeim degi sem umsókn er dagsett og til þess dags sem ákvörðun er dagsett, undanþegnir sektum við brotum sem lýst er í umsókninni (4. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87). Í reglugerð (EBE) nr. 1017/68 er ekki kveðið á um slíka undanþágu frá sektum.

B. Til hvaða yfirvalds ber að senda umsókn?

Umsóknir skulu sendar lögbæru yfirvaldi í viðkomandi máli. Beiting samkeppnisreglna EB-sáttmálans fellur undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar. Þó skarast valdsviðið að því er varðar beitingu reglnanna í EES-samningnum.

Heimildir framkvæmdastjórnarinnar og eftirlitsstofnunar EFTA til að beita EES-samkeppnisreglunum eru fengnar með 56. gr. EES-samningsins. Umsóknir, er varða samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, skulu sendar framkvæmdastjórninni nema áhrif þeirra á viðskipti milli aðildarríkjanna eða samkeppni innan bandalagsins séu óveruleg í skilningi auglýsingar framkvæmdastjórnarinnar frá 1997 um samninga sem hafa óveruleg áhrif ([2]). Enn fremur falla allir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem hamla samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkis og eins eða fleiri EFTA-ríkja, undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar, að því tilskildu að meira en 67% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækja á öllu Evrópska efnahagssvæðinu séu til komin innan bandalagsins ([3]). Séu hins vegar áhrif þessara samninga, ákvarðana eða samstilltu aðgerða á viðskipti milli aðildarríkjanna eða á samkeppni innan bandalagsins óveruleg ber að stíla umsóknina á eftirlitsstofnun EFTA. Alla aðra samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem falla undir 53. gr. EES-samningsins, ber að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA (sjá póstfang hennar í III. viðbæti).

Umsóknir um neikvætt vottorð vegna 54. gr. EES-samningsins ber að senda til framkvæmdastjórnarinnar ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu í bandalaginu eða til eftirlitsstofnunar EFTA ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu á öllu yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða verulegum hluta þess. Aðeins skal beita framangreindum reglum með tilliti til 53. gr. ef yfirburðastöðunnar gætir á báðum yfirráðasvæðum.

([1]) Sjá II. viðbæti.
([2]) Stjtíð. EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 13.
([3]) „Velta" í þessu samhengi er skilgreind í 2., 3. og 4. gr. bókunar 22 við EES-samninginn sem birtar eru í I. viðbæti.

Framkvæmdastjórnin leggur samkeppnisreglur EB-sáttmálans mati sínu til grundvallar hverju sinni. Í málum, sem falla undir EES-samninginn og framkvæmdastjórnin fær til umfjöllunar samkvæmt 56. gr. þess samnings, beitir hún jafnframt reglum EES.

C. Tilgangurinn með eyðublaðinu

Á eyðublaði TR eru tíundaðar þær spurningar, sem þarf að svara, og þær upplýsingar og skjöl sem skal láta í té þegar sótt er um eftirfarandi:

— neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,

— undanþágu samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 eða 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,

Umsóknir um undanþágu samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 skal leggja fram á þann hátt sem tilgreindur er á eyðublaði TR (sjá 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Eyðublaðið nýtist einnig fyrirtækjum sem óska eftir neikvæðu vottorði viðvíkjandi 86. gr. EB-sáttmálans eða 53. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87. Umsækjendum um neikvætt vottorð viðvíkjandi 86. gr. er ekki skylt að nota eyðublað TR. Þeim er þó eindregið ráðlagt að veita allar upplýsingar sem er krafist hér á eftir til þess að tryggja að allar staðreyndir málsins komi fram í umsókninni (sjá annan málslið a-liðar 1. mgr. 2 .gr. reglugerðarinnar).

Umsóknir eða tilkynningar á eyðublaði TR, sem EFTA gefur út, eru jafngildar. Þó er ráðlegt að nota eyðublað framkvæmdastjórnarinnar ef viðkomandi samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir falla eingöngu undir 85. eða 86. gr. EB-sáttmálans, þ.e. varða á engan hátt Evrópska efnahagssvæðið.

D. Hvaða kafla eyðublaðsins ber að fylla út?

Fyrirtæki, sem vilja leggja inn umsókn, þurfa að fylla út alla þrjá kafla vinnsluhluta eyðublaðsins. Tilkynningar samkvæmt reglugerð nr. 17 um samninga viðvíkjandi stofnun sameiginlegs fyrirtækis á samstarfsgrundvelli geta fengið flýtimeðferð. Umsóknir samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 fá ekki flýtimeðferð þar eð þessar reglugerðir kveða á um andmælameðferð með tilteknum fresti.

E. Nauðsyn fullnægjandi upplýsinga

Þegar framkvæmdastjórnin veitir gildri umsókn viðtöku hefur það fyrst og fremst tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi er, samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87, tryggð undanþága frá sektum frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin veitir gildri umsókn viðtöku ef um er að ræða umsóknir um undanþágu (sjá 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87).

Í öðru lagi hefur framkvæmdastjórnin ekki, fyrr en henni hefur borist gild umsókn, „undir höndum öll fyrirliggjandi gögn" sem hún þarf til að birta útdrátt úr umsókninni samkvæmt andmælameðferðinni í 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

Umsókn telst gild ef hún er fullnægjandi (sjá 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Í fyrsta lagi ef upplýsingarnar eða skjölin, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki tiltæk með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta, lítur framkvæmdastjórnin á umsókn sem fullnægjandi og því gilda þótt upplýsingarnar vanti, að því tilskildu að umsækjandi tilgreini ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og áætli eftir bestu getu þau gögn sem vantar og geti þess á hverju sú áætlun byggist. Einnig skal geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra upplýsinga og skjala sem vantar. Í öðru lagi krefst framkvæmdastjórnin aðeins upplýsinga sem skipta máli og eru nauðsynlegar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Í sumum tilvikum reynist ekki þörf á öllum upplýsingunum sem krafist er á eyðublaðinu í þessu augnamiði.

Því er framkvæmdastjórninni heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublaðinu (sjá 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Þar sem við á gerir þetta ákvæði það kleift að sníða hverja umsókn að hverju máli svo að hún innihaldi aðeins þær upplýsingar sem strangt til tekið eru nauðsynlegar við athugun framkvæmdastjórnarinnar. Þetta kemur í veg fyrir óþarfa stjórnunarbyrði fyrir fyrirtækin, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Ef upplýsingar og skjöl, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki látin í té af þessari ástæðu skal færa rök fyrir því í umsókninni að upplýsingarnar séu óþarfar fyrir rannsókn af hálfu framkvæmdastjórnarinnar á málinu.

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að upplýsingar í umsókninni séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún láta umsækjanda vita af því skriflega innan mánaðar frá viðtöku og tilgreina hvaða upplýsingar vanti. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni. Hafi framkvæmdastjórnin ekki látið umsækjanda vita innan eins mánaðar að umsóknin sé ófullnægjandi í veigamiklum atriðum telst hún fullnægjandi og gild (sjá 4. gr. reglugerðarinnar).

Einnig er mikilvægt að fyrirtæki tilkynni framkvæmdastjórninni um verulegar breytingar á aðstæðum, þar á meðal breytingar sem þau verða vör við eftir að umsóknin hefur verið lögð fram. Því verður að greina framkvæmdastjórninni þegar í stað frá hvers kyns breytingum sem kunna að verða á samningi, ákvörðun eða samstilltum aðgerðum sem fjallað er um í umsókn (sjá 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar). Sé vanrækt að tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar sem kunna að skipta máli getur það leitt til ógildingar á neikvæðu vottorði eða afturköllunar á ákvörðun um undanþágu ([1]) sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt á grundvelli umsóknarinnar.

F. Nauðsyn þess að upplýsingar séu réttar

Ekki nægir að umsókn sé fullnægjandi heldur verður einnig að ganga úr skugga um að veittar séu réttar upplýsingar (sjá 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Framkvæmdastjórninni er heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um allt að 5 000 evrur hafi þau vísvitandi eða af gáleysi veitt rangar eða villandi upplýsingar í umsókn (a-liður 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, a-liður 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og a-liður 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87). Slíkar upplýsingar teljast auk þess ófullnægjandi (sjá 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar).

G. Hverjir geta lagt fram umsókn?

Öll fyrirtæki, sem eru aðilar að samningi, ákvörðun eða aðgerð eins og lýst er í 85. eða 86. gr. EB-sáttmálans og 53. eða 54. gr. EES-samningsins, geta lagt fram umsókn um neikvætt vottorð samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87. Öll fyrirtæki, sem eru aðilar að samningi, ákvörðun eða aðgerðum eins og lýst er í 2. og 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, eða 85. gr. EB-sáttmálans og 53. gr. EES-samningsins, geta lagt fram umsókn um undanþágu. Samtök fyrirtækja geta lagt fram umsókn varðandi ákvarðanir sem eru teknar eða varðandi aðgerðir í tengslum við starfsemi samtakanna.

Að því er varðar samninga og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja tíðkast það að allir hlutaðeigandi aðilar leggi fram sameiginlega umsókn. Þótt framkvæmdastjórnin mæli eindregið með þessari aðferð því að gagnlegt er að sjónarmið allra aðila, sem eiga beinan hlut að máli, komi fram á einum og sama tíma þá er þetta ekki skyldubundið. Hverjum aðila að samningi er heimilt að leggja fram umsókn fyrir eigin hönd en þegar svo háttar til ber umsækjandanum að láta aðra aðila að samningnum, ákvörðuninni eða aðgerðinni vita af því (sjá 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar). Honum er líka heimilt að afhenda þeim afrit af fullfrágengnu eyðublaði, ef svo ber undir, þegar búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál (sjá 2. lið 1. spurningar í vinnsluhlutanum hér á eftir).

Þegar sameiginleg umsókn er lögð fram er það einnig orðin viðtekin venja að útnefna sameiginlegan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd allra hlutaðeigandi fyrirtækja og sér bæði um umsóknina eða tilkynninguna og öll áframhaldandi samskipti við framkvæmdastjórnina (sjá 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar). Þetta er ekki heldur skyldubundið þótt það geti verið gagnlegt og öllum fyrirtækjum, sem leggja fram sameiginlega umsókn, er heimilt að undirrita hana fyrir eigin hönd.

([1]) Sjá a-lið 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

H. Hvernig leggja skal fram umsókn

Umsóknir má leggja fram á einu af opinberum tungumálum Evrópusambandsins eða á tungumáli EFTA-ríkis (sjá 5. mgr. 2. gr. og 6. gr. reglugerðarinnar). Til að tryggja hraða málsmeðferð er þó ráðlegt, í umsóknum til eftirlitsstofnunar EFTA, að nota eitt af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða vinnutungumál eftirlitsstofnunar EFTA, sem er enska, eða, í umsóknum til framkvæmdastjórnarinnar, eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins eða EFTA-ríkjanna eða vinnutungumál eftirlitsstofnunar EFTA. Umsækjandi skal síðan nota þetta tungumál við meðferð málsins.

Fyrirtækin eiga að veita þær upplýsingar sem beðið er um á eyðublaði TR og styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 13. þætti, og umbeðin fylgiskjöl.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál Evrópusambandsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins. Fylgiskjölin mega vera frumrit eða afrit af frumritum (sjá 4. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Allar upplýsingar, sem beðið er um á eyðublaðinu, skulu eiga við almanaksárið á undan umsóknarárinu, nema annað sé tekið fram. Ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti (til dæmis ef notuð eru bókhaldstímabil sem miðast ekki við almanaksárið eða ef tölur fyrra árs liggja enn ekki fyrir) skal gefa nýjustu upplýsingar sem völ er á og tilgreina ástæður þess að ekki var unnt að leggja fram tölur frá almanaksárinu á undan umsóknarárinu.

Fjárhæðir má gefa upp í þeim gjaldmiðli sem opinbert endurskoðað bókhald viðkomandi fyrirtækis (fyrirtækja) er miðað við eða í evrum. Í síðara tilvikinu skal gengið, sem er notað við umreikning, vera meðalumreikningsgengi fyrir viðkomandi ár eða tímabil.

Senda skal eitt frumrit og 17 afrit af hverri umsókn en aðeins þrjú afrit af öllum fylgiskjölum (sjá 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Umsóknina ber að senda á póstfangið:

European Commission,
Directorate-General for Competition (DG IV),
The Registrar,
Rue de la Loi/Wetstraat 200,
B-1049 Bruxelles.

eða boðsenda hana til framkvæmdastjórnarinnar á virkum degi á almennum skrifstofutíma á eftirfarandi póstfang:

European Commission,
Directorate-General for Competition (DG IV),
The Registrar,
Avenue de Cortenberg/Kortenberglaan 158,
B-1040 Bruxelles.

I. Trúnaðarkvaðir

Samkvæmt 214. gr. EB-sáttmálans, 27. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 24. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, 9. gr. bókunar 23 við EES-samninginn, 122. gr. EES-samningsins og 27. gr. VI. kafla, 24. gr. IX. kafla og 17. gr. XI. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna.

Hins vegar ber framkvæmdastjórninni, samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 að birta útdrátt úr umsókn um undanþágu. Við birtinguna „... skal framkvæmdastjórnin taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín“ (2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87).

Áður en framkvæmdastjórnin birtir útdrátt úr umsókn sýnir hún umsækjanda eða umsækjendum afrit af fyrirhuguðum texta hans.

Telji fyrirtæki, í þessu sambandi, að það skaði hagsmuni þess að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum fyrirtækjum í té með öðrum hætti skal það veita þessar upplýsingar í einum eða fleiri sérstökum viðaukum og merkja hverja blaðsíðu greinilega „viðskiptaleyndarmál". Því ber einnig að tilgreina ástæður þess að upplýsingar, sem eru merktar sem trúnaðar- eða leyndarmál, skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

J. Frekari málsmeðferð

Umsóknin er skráð á skráningarstofu aðalskrifstofu samkeppnismála (DG IV). Hún öðlast gildi á þeim degi (sjá 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) er framkvæmdastjórnin veitir henni viðtöku (annars gildir dagsetning póststimpils ef hún er send í ábyrgðarpósti). Þó gilda sérstakar reglur um ófullnægjandi umsóknir (sjá E-lið).

Framkvæmdastjórnin staðfestir skriflega viðtöku allra umsókna og tilgreinir jafnframt skráningarnúmer málsins. Þetta númer skal tilgreina í öllum síðari bréfaskriftum sem varða umsóknina. Staðfesting á viðtöku felur ekki í sér úrskurð um að umsókn sé gild.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að leita eftir frekari upplýsingum hjá aðilunum eða þriðju aðilum og leggja fram tillögur um breytingar á samkomulagi sem gætu stuðlað að samþykki þess.

Ef sótt er um undanþágu getur framkvæmdastjórnin synjað beiðninni hafi hún miklar efasemdir um að réttmætt sé að veita undanþágu fyrir samkomulagið.

Hyggist framkvæmdastjórnin, eftir að hafa látið í ljós miklar efasemdir við andmælameðferð, gefa út ákvörðun um undanþágu ber henni að birta útdrátt og bjóða þriðju aðilum að gefa umsagnir (3. mgr. 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87). Í framhaldi af því eru fyrstu drög að ákvörðun lögð fram og rædd við viðeigandi ráðgjafarnefnd, sem skipuð er embættismönnum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Falli málið undir EES-samninginn er fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-ríkjanna boðin þátttaka. Þá fyrst getur framkvæmdastjórnin samþykkt ákvörðun, að því tilskildu að ekkert hafi orðið til þess að hún breytti afstöðu sinni.

Stundum eru mál afgreidd án þess að formleg ákvörðun hafi verið tekin um þau, til dæmis þegar ljóst er að samkomulag fellur undir flokkaundanþágu eða vegna þess að framkvæmdastjórnin telur ekki ástæðu til íhlutunar, að minnsta kosti ekki að sinni. Í þeim tilvikum eru send stöðluð svarbréf. Enda þótt staðlað svarbréf jafngildi ekki ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gefur það til kynna hvernig litið er á viðkomandi mál hjá aðalskrifstofu samkeppnismála (DG IV) með hliðsjón af þeim upplýsingum sem hún hefur undir höndum en það þýðir að framkvæmdastjórnin gæti, ef nauðsyn krefði, til dæmis ef því er haldið fram að samningur sé ógildur á grundvelli 2. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 2. mgr. 53. gr. EES-samningsins, tekið viðeigandi ákvörðun til að skýra réttarstöðuna.

K. Skilgreiningar sem eru notaðar í vinnsluhluta eyðublaðsins

Samningur: Með orðinu „samningur" er átt við hvers konar samkomulag, þ.e. samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár" á eyðublaðinu merkja almanaksár nema annað sé tekið fram.

Hópur: Að því er þetta eyðublað varðar er um hóp að ræða þegar fyrirtæki:

— á meirihluta skráðs hluta- eða rekstrarfjár annars fyrirtækis,

— ræður yfir meirihluta atkvæða í öðru fyrirtæki,

— getur skipað meira en helming löglegra fulltrúa fyrirtækisins í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða aðrar stjórnarstöður innan annars fyrirtækis eða

— hefur rétt til að hafa á hendi stjórn annars fyrirtækis.

Fyrirtæki, sem lýtur sameiginlegri stjórn margra annarra fyrirtækja (sameiginlegt fyrirtæki), telst hluti af fyrirtækjahópnum sem hvert þessara fyrirtækja tilheyrir.

Tilkynntur samningur: Tilkynntur samningur er samningur sem er efni umsóknar með þessu eyðublaði.

Viðkomandi vörumarkaður: Til að svara 1. lið 5. spurningar á þessu eyðublaði þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram umsóknina, að skilgreina viðkomandi vöru- og/eða þjónustumarkað(i) sem líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra annarra spurninga á eyðublaðinu. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkað eða -markaði" á eyðublaðinu er átt við markað eða markaði sem umsækjendur skilgreina.

Viðkomandi svæðisbundinn markaður: Til að svara 2. lið 5. spurningar þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram umsóknina, að skilgreina viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði sem líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði" á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Viðkomandi vörumarkaður og svæðisbundinn markaður: Með svörum sínum við 5. spurningu leggja aðilarnir fram skilgreiningu sína á viðkomandi markaði eða mörkuðum sem tilkynntur samningur eða samningar hafa áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkaði eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði" á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Aðilar og umsækjandi: Orðið „aðili" nær til allra fyrirtækja sem eru aðilar að tilkynnta samningnum. Þar sem það nægir að eitt fyrirtækjanna, sem er aðili að samningi, leggi fram umsókn er „umsækjandi" einungis notað um fyrirtækið, eða fyrirtækin, sem í raun leggur umsóknina fram.

EYÐUBLAÐ TR — VINNSLUHLUTI

Á fyrstu síðu í umsókninni skal skrifa „umsókn í samræmi við eyðublað TR“ og einnig eina eða fleiri af eftirfarandi tilvísunum, eftir því sem við á:

— „Umsókn um undanþágu samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68“,

— „ Umsókn um undanþágu samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86“,

— „Umsókn um neikvætt vottorð samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og/eða um undanþágu samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87“.

I. KAFLI

Þættir sem varða aðila, hópa þeirra og samninginn

1. þáttur

Upplýsingar um fyrirtæki eða einstaklinga sem leggja fram umsókn

1.1. Vinsamlegast nefnið fyrir hönd hvaða fyrirtækja umsóknin er lögð fram, tilgreinið lögheiti þeirra eða viðskiptaheiti, stytt heiti eða það heiti sem almennt er notað eftir því sem við á (ef það er annað en lögheitið).

1.2. Ef umsóknin er aðeins lögð fram fyrir hönd eins eða nokkurra af fyrirtækjunum sem eru aðilar að tilkynnta samningnum staðfestið þá vinsamlegast að hin fyrirtækin hafi fengið upplýsingar um það og getið þess hvort þau hafi fengið afrit af umsókninni þar sem búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál ([1]). (Vinsamlegast látið fylgja með þessari umsókn afrit af breyttu umsókninni sem send var hinum fyrirtækjunum.)

1.3. Ef lögð er fram sameiginleg umsókn, hefur sameiginlegur fulltrúi ([2]) verið tilnefndur ([3])?

Ef svarið er „já“ skal tilgreina atriðin sem spurt er um í lið 1.3.1 og 1.3.3 hér á eftir.

Ef svarið er „nei“ skal skýra frá því hvaða fulltrúar hafa umboð til að koma fram fyrir hönd hvers eða hvors aðila að samningnum og fyrir hönd hverra þeir koma fram.

1.3.1. Nafn fulltrúa.

1.3.2. Póstfang fulltrúa.

1.3.3. Síma- og bréfasímanúmer fulltrúa.

1.4. Hafi einn eða fleiri fulltrúar verið tilnefndir þarf að fylgja skriflegt umboð þeirra til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem leggja fram umsóknina.

2. þáttur

Upplýsingar um samningsaðilana og fyrirtækjahópana sem þeir tilheyra

2.1. Tilgreinið heiti og póstfang aðilanna að tilkynnta samningnum og í hvaða landi samningurinn er skráður.

2.2. Tilgreinið hvers konar starfsemi hver aðili að tilkynnta samningnum rekur.

2.3. Fyrir hvern samningsaðila um sig skal tilgreina tengilið, nafn tengiliðar, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og stöðu hans í fyrirtækinu.

2.4. Tilgreinið fyrirtækjahópana sem aðilarnir að tilkynnta samningnum tilheyra. Tilgreinið á hvaða sviðum atvinnulífsins þessir hópar starfa og veltu hvers hóps á heimsmarkaði ([4]).

([1]) Framkvæmdastjórninni er ljóst að í undantekningartilvikum er ekki unnt að tilkynna þeim aðilum, sem standa ekki að tilkynningunni, að samningurinn hafi verið tilkynntur eða senda þeim afrit af umsókninni. Dæmi um þetta er þegar tilkynnt er um staðlaðan samning sem gerður er við fjölda fyrirtækja. Í slíkum tilvikum er beðið um að tilgreindar séu ástæður þess að ekki var unnt að fylgja venjulegri málsmeðferð samkvæmt þessum lið.

([2]) Fulltrúi merkir í þessu sambandi einstakling eða fyrirtæki sem hefur formlegt umboð til að leggja fram umsókn fyrir hönd þess eða þeirra aðila sem leggja fram umsókn. Gera skal greinarmun á þessu og tilvikum þar sem umsóknin er undirrituð af starfsmanni viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja. Í þeim tilvikum er enginn fulltrúi tilnefndur.

([3]) Ekki er skylt að útnefna fulltrúa til að ganga frá þessari umsókn og/eða leggja hana fram. Hafi umsækjendur hins vegar útnefnt fulltrúa skal þeirra getið hér.

([4]) Útreikningur á veltu í banka- og tryggingargeirunum er samkvæmt 3. gr. bókunar 22 við EES-samninginn.

3. þáttur

Málsmeðferð

3.1. Vinsamlegast greinið frá því hvort leitað hafi verið formlega til annarra samkeppnisyfirvalda vegna viðkomandi samnings. Sé svarið „já" skal tilgreina viðkomandi yfirvöld, einstakling eða deild og málaleitan. Að auki skal greina frá fyrri afskiptum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og/eða eftirlitsstofnunar EFTA eða óformlegum samskiptum við þessar stofnanir og fyrri afskiptum landsyfirvalda eða dómstóla í bandalaginu eða á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna varðandi þessa samninga eða aðra samninga sem tengjast þeim.

3.2. Ef óskað er eftir flýtimeðferð skal tilgreina ástæður þess í stuttu máli.

3.3. Greinið frá því hvort til stendur að leggja fram frekari upplýsingar eða rök, sem enn eru ekki tiltæk, málinu til stuðnings og þá varðandi hvaða atriði ([1]).

4. þáttur

Ítarleg lýsing á samkomulaginu

4.1. Greinið í stuttu máli frá eðli, efni og markmiðum tilkynnta samningsins.

4.2. Skýrið nákvæmlega frá öllum ákvæðum í samningnum sem kunna að takmarka frelsi hlutaðeigandi aðila til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í viðskiptum, til dæmis er varða:

— kaup- eða söluverð, afslátt eða aðra verslunarskilmála,

— umfang þjónustu sem í boði er,

— tæknilega þróun eða fjárfestingar,

— val á mörkuðum eða upprunastöðum birgða,

— kaup eða sölu til þriðja aðila,

— það hvort svipaðir skilmálar gilda um afhendingu sambærilegrar þjónustu,

— það hvort bjóða eigi margs konar þjónustu fram, hverja í sínu lagi eða saman.

Sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð samkvæmt reglugerð um flokkaundanþágu skal í þessari skrá greina sérstaklega frá þeim takmörkunum sem eru umfram þær sem eru sjálfkrafa undanþegnar samkvæmt ákvæðum viðkomandi reglugerðar.

4.3. Tilgreinið milli hvaða aðildarríkja bandalagsins og/eða EFTA-ríkja ([2]) samkomulagið kann að hafa áhrif að því er varðar viðskipti. Rökstyðjið svarið við þessum lið með upplýsingum um vöruflæði þegar við á. Tilgreinið enn fremur hvort samkomulagið hefur áhrif á viðskipti milli bandalagsins eða EES og þriðju landa og rökstyðjið það einnig.

II. KAFLI

Þáttur er varðar viðkomandi markað

5. þáttur

Viðkomandi markaður

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar ([3]).

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli við ákvörðun viðeigandi vörumarkaðar og ber að taka tillit til þeirra í þessari greiningu ([4]):

— hversu líkar viðkomandi tegundir þjónustu eru,

— verðmunur á tveimur tegundum þjónustu,

— kostnaður við að skipta úr einni þjónustu yfir í aðra sem á hugsanlega í samkeppni við þá fyrri,

— hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni tegund eða flokki þjónustu í hag miðað við aðra,

— flokkun þjónustu innan atvinnugreinarinnar (til dæmis samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka).

([1]) Ef tilkynnendur veita þær upplýsingar sem beðið er um samkvæmt þessu eyðublaði og þeir gátu fengið með góðu móti þegar tilkynningin var lögð fram kemur sú staðreynd, að aðilarnir hyggjast síðar leggja fram frekari gögn eða skjöl til stuðnings máli sínu, ekki í veg fyrir að tilkynningin öðlist gildi þegar hún er lögð fram.

([2]) Sjá skrá í II. viðbæti.

([3]) Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði að því er varðar samkeppnislög bandalagsins (Stjtíð EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 5).

([4]) Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og umsækjendum er heimilt að vísa til annarra þátta.

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki selja vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega önnur á þeim svæðum.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði ([1]), eru eðli og einkenni viðkomandi þjónustu, aðgangshindranir eða neytendavenjur og greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækjanna eða mikill verðmunur á nærliggjandi svæðum.

5.1. Tilgreinið vinsamlegast, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á umsókninni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum. Nefnið sérstaklega þá vöru eða þjónustu sem tilkynntur samningur hefur bein eða óbein áhrif á og tilgreinið þá flokka vara sem þið teljið staðgönguvörur í markaðsskilgreiningu ykkar.

Í eftirfarandi spurningum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðs eða -markaða".

5.2. Tilgreinið vinsamlegast þá skilgreiningu á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á umsókninni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti var tekið mið af framangreindum þáttum. Nefnið einkum í hvaða löndum aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og ef þið teljið að viðkomandi svæðisbundinn markaður sé stærri en einstök aðildarríki bandalagsins eða yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna þar sem aðilarnir reka starfsemi sína skal það rökstutt.

Í eftirfarandi liðum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi svæðisbundins markaðs eða markaða".

6. þáttur

Meðlimir fyrirtækjahópa sem starfa á sama markaði og samningsaðilar

6.1. Fyrir hvern aðila að tilkynnta samningnum skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps sem:

6.1.1. starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum;

6.1.2. starfa á grannmörkuðum viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða, (þ.e. reka starfsemi í tengslum við vörur og/eða þjónustu þar sem einungis eru boðnar fram ófullkomnar staðgönguvörur og/eða staðgönguþjónusta og aðeins að hluta til í stað þeirra vara og/eða þjónustu sem skilgreining ykkar tekur til).

Slík fyrirtæki þarf að tilgreina jafnvel þótt þau selji umrædda vöru eða þjónustu á öðrum landsvæðum en aðilarnir að tilkynnta samningnum starfa á. Vinsamlegast tilgreinið fyrir hvern meðlim innan hópsins heiti, skráningarland, vöru(r) eða þjónustu og á hvaða landsvæði hann rekur starfsemi.

7. þáttur

Staða aðila á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir þá fyrirtækjahópa sem aðilarnir tilheyra. Ekki nægir að veita aðeins upplýsingar um þau fyrirtæki sem samningurinn hefur bein áhrif á.

7.1. Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði sem þið skilgreinið í svari ykkar við lið 5.1:

7.1.1. markaðshlutdeild aðilanna á viðkomandi svæðisbundnum markaði þrjú næstliðin ár;

7.1.2. markaðshlutdeild aðilanna, ef einhverju munar a) á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, b) í bandalaginu, c) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og d) í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki þrjú næstliðin ár ([2]). Sé markaðshlutdeild innan við 20% skal í þessum þætti aðeins tilgreina á hvaða bili hlutfallið liggur: 0 til 5%, 5 til 10%, 10 til 15%, 15 til 20%.

([1]) Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og umsækjendum er heimilt að vísa til annarra þátta.

([2]) Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem heimsmarkaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB. Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem bandalagið skal greina frá þessum tölum fyrir EES, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB. Ef markaðurinn er skilgreindur sem innlendur markaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið og yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna.

Í svörum við þessum spurningum má reikna markaðshlutdeild hvort heldur er á grundvelli verðgildis eða magns. Rökstyðja skal tölurnar sem gefnar eru upp. Þannig verður að tilgreina heildarverðgildi/heildarmagn markaðarins í hverju svari ásamt sölu eða veltu hvers aðila sem hlut á að máli. Enn fremur skal geta heimilda (opinberar hagtölur, spár o.s.frv.) og láta fylgja afrit, þegar þess er kostur, af skjölunum sem upplýsingarnar eru fengnar úr.

8. þáttur

Staða samkeppnisaðila og viðskiptavina á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópana sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%:

8.1. Nefnið fimm helstu samkeppnisaðila samningsaðilanna. Nefnið fyrirtækið og áætlið eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum. Gefið einnig upp póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar fyrir hvert þessara fyrirtækja.

8.2. Nefnið fimm helstu viðskiptavini hvers aðila. Gefið upp heiti fyrirtækisins, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og nafn tengiliðar.

9. þáttur

Markaðsaðgangur og hugsanleg samkeppni á vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%:

9.1. Lýsið hinum ýmsu þáttum, að því er vöruna varðar, sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem veita sem stendur ekki þjónustu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum, takist að hasla sér völl á þessum markaði eða mörkuðum). Takið mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður kröfum um leyfisveitingu stjórnvalda eða notkun opinberra staðla af einhverju tagi. Er aðgangur að þessum mörkuðum háður takmörkunum samkvæmt lögum eða reglum?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður þörf á aðgangi að samgöngumannvirkjum?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður framboði á farartækjum á hjólum, skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru nauðsynleg til að unnt sé að veita viðkomandi þjónustu?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður gildistíma samninga milli fyrirtækis og birgja þess og/eða viðskiptavina?

— Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunarstarfs, einkum vægi nytjaleyfa vegna einkaleyfa, verkkunnáttu og annarra réttinda á þessum mörkuðum.

9.2. Lýsið hinum ýmsu landfræðilegu þáttum sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem þegar veita þjónustu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum en á svæðum utan viðkomandi svæðisbundins markaðar eða markaða, auki starfsemi sína þannig að þau nái til viðkomandi svæðisbundins markaðar eða markaða). Vinsamlegast rökstyðjið svörin og gerið grein fyrir því, eftir því sem við á, hvaða vægi eftirfarandi þættir hafa:

— lögbundnar viðskiptahindranir, svo sem tollar, kvótar o.s.frv.,

— staðbundnar forskriftir eða tæknikröfur,

— opinber innkaupastefna,

— aðgangur að viðunandi staðbundnu dreifingar- og smásölukerfi,

— þörf á aðgangi að samgöngumannvirkjum,

— rótgrónar neytendavenjur staðbundnum vörumerkjum eða vörum í hag,

— tungumál.

9.3. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl á síðastliðnum þremur árum á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum á landsvæðum þar sem aðilarnir reka starfsemi? Veitið þessar upplýsingar bæði að því er varðar nýliðun á vörumarkaði og svæðisbundnum markaði. Hafi slík nýliðun átt sér stað skuluð þið nefna fyrirtækið eða fyrirtækin sem um er að ræða (heiti, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar) og áætla eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og svæðisbundnum markaði eða mörkuðum.

III. KAFLI

Lokaþættir

10. þáttur

Ástæður fyrir umsókn um neikvætt vottorð

Ef sótt er um neikvætt vottorð:

10.1. skal tilgreina ástæður þess, þ.e. hvaða ákvæði eða áhrif samningsins eða starfsháttanna gæti, að mati ykkar, leikið vafi á að samræmdust samkeppnisreglum bandalagsins og/eða Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið með þessum upplýsingum er að gefa framkvæmdastjórninni sem gleggsta mynd af þeim efasemdum sem þið hafið um samning ykkar eða starfshætti og sem þið viljið fá skorið úr með neikvæðu vottorði.

Skýrið, undir þremur eftirfarandi liðum, frá þeim staðreyndum sem máli skipta og ástæðum þess að þið teljið að ákvæði 1. mgr. 85. gr. og 86. gr. EB-sáttmálans og/eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins gildi ekki, þ.e.:

10.2. hvers vegna ekki er stefnt að því með samningnum eða starfsháttunum að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni svo nokkru nemi á hinum sameiginlega markaði eða á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða hvers vegna samningurinn eða starfshættirnir hafa ekki þessi áhrif, eða hvers vegna fyrirtæki ykkar hefur ekki yfirburðastöðu á markaðinum eða hvers vegna starfshættir þess eru ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og/eða

10.3. hvers vegna ekki er stefnt að því með samningnum eða starfsháttunum að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni svo nokkru nemi á Evrópska efnahagssvæðinu, eða hvers vegna samningurinn eða starfshættirnir hafa ekki þessi áhrif, eða hvers vegna fyrirtæki ykkar hefur ekki yfirburðastöðu á markaðinum eða hvers vegna starfshættir þess eru ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og/eða

10.4. hvers vegna ólíklegt sé að samningurinn eða starfshættirnir hafi áhrif svo nokkru nemi á viðskipti milli aðildarríkjanna eða milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkjanna.

11. þáttur

Ástæður fyrir umsókn um undanþágu

Ef sótt er um undanþágu samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins skal útskýra á hvaða hátt:

11.1. samkomulagið stuðli að því að bæta framleiðslu eða dreifingu, og/eða að efla tækni- eða efnahagsþróun. Skýrið einkum hvernig samningurinn stuðlar að bættri flutningsþjónustu eða aukinni samfellu og stöðugleika að því er viðvíkur að fullnægja flutningsþörfinni á mörkuðum þar sem árstíðabundin sveifla ríkir í framboði og eftirspurn, eða að aukinni framleiðni fyrirtækjanna.

Skýrið einkum ástæður þess að þið væntið þessa árangurs af samstarfinu; hafa aðilarnir að samningnum t.d. yfir að ráða samhæfðum tæknibúnaði eða dreifingarkerfum sem gefa möguleika á öflugri samvirkni (skýrið nánar frá því, ef svo er)? Tilgreinið enn fremur hvort umsækjendur hafi gengið frá skjölum eða skýrslum við hagkvæmniathugun á aðgerðunum og hugsanlegum ávinningi af þeim og hvort í slíkum skjölum eða skýrslum sé getið um áætlaðan sparnað eða bættan árangur vegna þeirra. Leggið fram afrit af öllum slíkum skjölum eða skýrslum;

11.2. neytendur fái sanngjarna hlutdeild í hagnaði þeim sem verður af umbótum þessum eða framförum; Skýrið einkum hvernig sanngjarnt tillit er tekið til hagsmuna flutningsþega í samningnum;

11.3. öll takmarkandi ákvæði samningsins eru nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem eru sett fram í lið 11.1 (sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð er sérstaklega mikilvægt að greina frá og réttlæta takmarkanir þær þar sem lengra er gengið en í þeim takmörkunum sem eru sjálfkrafa undanþegnar samkvæmt ákvæðum viðkomandi reglugerða). Í því sambandi skal skýra frá því hvers vegna ekki er unnt að ná þeim ávinningi af samningnum, sem tilgreindur var í svari ykkar við spurningu 11.1, eða hvers vegna ávinningurinn næst ekki jafnfljótt og vel eða ekki með jafngóðum árangri eða næst aðeins með meiri tilkostnaði eða minni væntingum um árangur i) án samningsins í heild sinni og ii) án þeirra tilteknu ákvæða hans sem um getur í svari ykkar við spurningu 4.2;

11.4. samningurinn útilokar ekki samkeppni að því er varðar verulegan hluta af vörum þeim og þjónustu sem um er að ræða.

12. þáttur

Fylgiskjöl

Fullfrágengin umsókn skal unnin og lögð fram í einu frumriti. Henni skulu fylgja nýjustu útgáfur af öllum samningum sem umsóknin lýtur að og:

a) 17 afrit af umsókninni sjálfri;

b) þrjú afrit af ársskýrslum og ársreikningum allra aðila að tilkynnta samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni fyrir þrjú næstliðin ár;

c) þrjú afrit af nýjustu skýrslum um markaðsrannsóknir á eigin eða annarra vegum eða áætlunarskjöl sem gera kleift að meta eða greina markað eða markaði, þar sem áhrifa gætir, með tilliti til samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (hugsanlegra eða raunverulegra) og markaðsaðstæðna. Í hverju skjali skal tilgreina nafn og stöðu höfundar;

d) þrjú afrit af skýrslum og niðurstöðum greininga sem gerðar hafa verið fyrir eða af einhverjum meðal starfsmanna eða stjórnanda í því skyni að meta eða greina tilkynnta samninginn.

13. þáttur

Yfirlýsing

Ljúka ber umsókninni með eftirfarandi yfirlýsingu undirritaðri af öllum umsækjendum eða fyrir þeirra hönd.

„Undirritaðir lýsa yfir því að allar upplýsingar, sem eru veittar í umsókn þessari, eru réttar samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem beðið er um samkvæmt eyðublaði TR, hafa verið látin í té svo framarlega sem þau eru í fórum fyrirtækjahópsins sem umsækjandi eða umsækjendur tilheyra og eru tiltæk þeim síðarnefnda eða síðarnefndu, að tilgreint er ef um áætlun er að ræða og hún sett fram samkvæmt bestu vitund þeirra og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós er það jafnan gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, a-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og a-liðar 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87.

Staður og dagsetning:

Undirskriftir:“

Vinsamlegast bætið við nafni (nöfnum) þess (þeirra) sem undirrita(r) umsóknina og tilgreinið starfssvið.

Umsóknir, sem hafa ekki verið undirritaðar, eru ógildar.

I. viðbætir

TEXTI 85. OG 86. GR. EB-SÁTTMÁLANS, 53., 54. OG 56. GR. EES-SAMNINGSINS OG 2., 3. OG 4. GR. BÓKUNAR 22 VIÐ EES-SAMNINGINN

85. gr. EB-sáttmálans

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt hinum sameiginlega markaði: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á hinum sameiginlega markaði, einkum aðgerðir sem:

a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, markaði, tækniþróun eða fjárfestingum;

c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d) mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;

e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samningsins, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.

3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:

— samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;

— ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;

— samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;

sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar eða efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:

a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;

b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um ræðir.

86. gr. EB-sáttmálans

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu innan hins sameiginlega markaðar eða verulegs hluta hans er ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;

b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun neytendum til tjóns;

c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

53. gr. EES-samningsins

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:

a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;

c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d) mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;

e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.

3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:

— samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;

— ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;

— samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;

sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:

a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;

b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

54. gr. EES-samningsins

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;

b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns;

c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

56. gr. EES-samningsins

1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b) með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c) framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.

4. Hugtökin „fyrirtæki“ og „velta“ eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

2., 3. og 4. gr. bókunar 22 við EES-samninginn

2. gr.

Í skilningi 56. gr. samningsins er „velta" þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið á undangengnu fjárhagsári, á svæðinu sem samningurinn tekur til, fyrir selda vöru eða veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækisins, að frádregnum söluafslætti og virðisaukaskatti og öðrum skatti sem tengist veltunni með beinum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir: heildareignir þeirra margfaldaðar með hlutfalli milli krafna á lánastofnanir og viðskiptavini í viðskiptum við íbúa á svæðinu sem samningurinn tekur til og heildarfjárhæðar þessara krafna;

b) þegar um er að ræða vátryggingafélög: verðmæti vergra iðgjalda frá íbúum á svæðinu sem samningurinn tekur til, þ.e. allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga sem vátryggingafélögin eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa gert, auk endurtryggingaiðgjalda, og eftir skattafrádrátt og skattatengd framlög eða gjöld sem eru innheimt vegna einstakra iðgjalda eða heildariðgjalda.

4. gr.

1. Þrátt fyrir þá skilgreiningu um veltu sem á við vegna beitingar 56. gr. samningsins, eins og fram kemur í 2. gr. þessarar bókunar, skal viðkomandi velta samanstanda:

a) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að dreifingu og birgðatilhögun milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum, og fyrir aðra vöru og þjónustu sem notendur álíta að sé eins vegna eiginleika hennar, verðs og áætlaðrar notkunar;

b) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að tilhögun við miðlun tækniþekkingar milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu er tengist tækniþekkingu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum og fjárhæðum fyrir aðra vöru og þjónustu sem þessari tækni er ætlað að bæta eða koma í staðinn fyrir.

2. Ef hins vegar er ekki vitað hver velta vegna seldrar vöru eða þjónustu er, þegar ráðstafanir þær sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. koma til framkvæmda, skal almennt ákvæði 2. gr. gilda.

II. viðbætir

SKRÁ YFIR VIÐEIGANDI GERNINGA

(frá 1. febrúar 1999)

(Ef þið teljið að samkvæmt einni eftirfarandi reglugerða eða auglýsinga þurfi ef til vill ekki að tilkynna samning ykkar er mælt með því að þið útvegið ykkur eintak af viðkomandi reglugerð eða auglýsingu)

Framkvæmdarreglugerðir ([1])

— Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 175 23. 7. 1968, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar,

— reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar,

— reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtíð. EB L 374, 31. 12. 1987, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 (Stjtíð. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 18),

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga.

Reglugerðir um flokkaundanþágu

— 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (flokkaundanþága fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki),

— 3. og 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (undanþága fyrir samninga milli farmflytjenda um áætlunarsiglingar og undanþága fyrir samninga milli flutningsþega og samsiglingakerfa um notkun áætlunarsiglinga),

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 (Stjtíð. EB L 89, 21. 4. 1992, bls. 7). Í 7. gr. þessarar reglugerðar er kveðið á um andmælameðferð,

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 frá 25. júní 1993 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum (Stjtíð. EB L 155, 26. 6. 1993, bls. 18), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1523/96 (Stjtíð. EB L 190, 31. 7. 1996, bls. 11). Sjá einnig auglýsingu um málsmeðferð við tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. og 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 (Stjtíð. EB C 177, 29. 6. 1993, bls. 6).

([1]) Sjá 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn að því er varðar málsmeðferðarreglur eftirlitsstofnunar EFTA og viðeigandi ákvæði bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Almennar auglýsingar ([1])

— Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir er varða samstarf milli fyrirtækja (Stjtíð. EB C 75, 29. 7. 1968, bls. 3, eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB C 84, 28. 8. 1968, bls. 14). Í auglýsingu þessari er skilgreint það form samstarfs um markaðsrannsóknir, bókhald, rannsóknir og þróun, samnýtingu framleiðslutækja, lagers eða flutningatækja, tímabundin félög um samvinnu, sala og viðhaldsþjónusta, auglýsingar eða gæðamerkingar sem framkvæmdastjórnin lítur svo á að falli ekki undir bannið í 1. mgr. 85. gr. EES-samningsins,

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um mat hennar á samningum við undirverktaka með hliðsjón af 1. mgr. 85. gr. sáttmálans. (Stjtíð. EB C 1, 3. 1. 1979, bls. 2),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um mat hennar á sameiginlegum fyrirtækjum um samstarf samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. EB C 43, 16. 12. 1993, bls. 2). Í þessari auglýsingu er gerð grein fyrir meginreglum um mat á sameiginlegum fyrirtækjum,

— orðsending framkvæmdastjórnarinnar um nánari útlistun á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna að því er varðar ný verkefni á sviði samgöngumannvirkja (Stjtíð. EB C 298, 30. 9. 1997, bls. 5),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur frá sektum í málum er varða einokunarhringi (Stjtíð. EB C 207, 18. 7. 1996, bls. 4),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um starfsreglur hennar við afgreiðslu beiðna um aðgang að málsskjölum í málum sem falla undir 85. og 86. gr. EB-sáttmálans, 65. og 66. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (Stjtíð. EB C 23, 23. 1. 1997, bls. 3),

— auglýsing um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 13),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði að því er varðar samkeppnislög bandalagsins (Stjtíð. EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 5).

Safn fyrrnefndra texta (miðað við 30. júní 1994) hefur verið gefið út af opinberri útgáfustjórn Evrópubandalaganna (tilvísanir: 1. bindi: ISBN 92-826-6759-6, bókaskrárnúmer CM-29-93-A01-EN-C). Þessa texta er einnig að finna á heimasíðu DG IV,

http://europa.eu.int/comm/dg04/

Samkvæmt samningnum taka þessir textar einnig til Evrópska efnahagssvæðisins.

([1]) Sjá einnig samsvarandi auglýsingar eftirlitsstofnunar EFTA.

III. viðbætir

SKRÁ YFIR AÐILDARRÍKI EB OG EFTA-RÍKI, PÓSTFANG FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR OG EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA, SKRÁ YFIR UPPLÝSINGASKRIFSTOFUR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR INNAN BANDALAGSINS OG Í EFTA-RÍKJUM OG PÓSTFÖNG LÖGBÆRRA YFIRVALDA Í EFTA-RÍKJUM

Þegar þessi viðauki er saminn eru aðildarríki EB: Austurríki, Belgía, Breska konungsríkið, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland.

EFTA-ríkin sem aðild eiga að EES-samningnum þegar þessi viðauki er saminn eru: Ísland, Liechtenstein og Noregur.

Póstfang samkeppnisskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar:

European Commission,
Directorate-General for Competition,
Rue de la Loi/Wetstraat 200,
B-1049 Brussels.
Sími: (32-2) 299 11 11
http://europa.eu.int/comm/dg04

Póstfang samkeppnisskrifstofu eftirlitsstofnunar EFTA:

EFTA Surveillance Authority - ESA,
Competition and State Aid Directorate,
Rue de Trèves, 74,
B-1040 Brussels.
Sími: (32-2) 286 18 11
Bréfasími: (32-2) 286 18 00
http://www.efta.int

Póstföng upplýsingaskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar í bandalaginu:

BELGÍA

Commission Européenne
Bureau en Belgique
Europese Commissie
Bureau in België
Rue Archiméde/Archimedesstraat 73
B-1040 Bruxelles/Brussel
Sími: (32-2) 295 38 44
Bréfasími: (32-2) 295 01 66
http://europa.eu.int/comm/represent/be

DANMÖRK

Europa-Kommissionen
Repræsentation i Danmark
Østergade 61 (Højbrohus)
Postboks 144
DK-1004 København K
Sími: (45) 33 14 41 40
Bréfasími: (45-33) 11 12 03
http://europa.eu.int/dk

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
Zitelannstraße 22
D-53113 Bonn
Sími: (49-228) 530 09-0
Bréfasími: (49-228) 530 09-50, 530 09-12

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
— Vertretung in Berlin
Kurfürstendamm 102
D-10711 Berlin 31
Sími: (49-30) 896 09 30
Bréfasími: (49-30) 892 20 59

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
— Vertretung in München
Erhardtstraße 27
D-80331 München
Sími: (49-89) 202 10 11
Bréfasími: (49-89) 202 10 15
http://www.eu-kommission.de

GRIKKLAND

Evropaiki Epitropi
Antiprosopia stin Ellada
2 Vassilissis Sofias
GR-10674 Athina
Sími: (30-1) 725 10 00
Bréfasími: (30-1) 724 46 20
http://www.forthnet.gr/ee

SPÁNN

Comisión Europea
Representación en España
Paseo de la Castellana, 46
E-28046 Madrid
Sími: (34-1) 431 57 11
Bréfasími: (34-1) 432 17 64

Comisión Europea
Representación en Barcelona
Av. Diagonal, 407 bis, Planta 18
E-08008 Barcelona
Sími: (34-3) 415 81 77
Bréfasími: (34-3) 415 63 11
http://www.euroinfo.cce.es

FRAKKLAND

Commission Européenne
Représentation en France
288, boulevard Saint-Germain
F-75007 Paris
Sími: (33-1) 40 63 38 00
Bréfasími: (33-1) 45 56 94 17/18/19

Commission Européenne
Représentation à Marseille
2, rue Henri Barbusse (CMCI)
F-13241 Marseille, Cedex 01
Sími: (33-4) 91 91 46 00
Bréfasími: (33-4) 91 90 98 07
http://europa.eu.int/france

ÍRLAND

European Commission
Representation in Ireland
18 Dawson Street
IRL-Dublin 2
Sími: (353-1) 662 51 13
Bréfasími: (353-1) 662 51 18

ÍTALÍA

Commissione Europea
Rappresentanza in Italia
Via Poli 29
I-00187 Roma
Sími: (39-6) 69 99 91
Bréfasími: (39-6) 679 16 58, 679 36 52

Commissione Europea
Ufficio di Milano
Corso Magenta 59
I-20123 Milano
Sími: (39-2) 467 51 41
Bréfasími: (39-2) 480 12 535

LÚXEMBORG

Commission Européenne
Représentation au Luxembourg
Bâtiment Jean-Monnet
Rue Alcide de Gasperi
L-2920 Luxembourg
Sími: (352) 43 01-34935
Bréfasími: (352) 43 01-34433

HOLLAND

Europese Commissie
Bureau in Nederland
Korte Vijverberg 5
NL-2513 AB Den Haag
Nederland
Sími: (31-70) 346 93 26
Bréfasími: (31-70) 364 66 19
http://www.dds.nl/plein/europa

AUSTURRÍKI

Europäische Kommission
Vertretung in Österreich
Kärtner Ring 5-7
A-1010 Wien
Sími: (43-1) 516 18
Bréfasími: (43-1) 513 42 25
http://www.europa.or.at

PORTÚGAL

Comissão Europeia
Gabinete em Portugal
Centro Europeu Jean Monnet
Largo Jean Monnet, 1-10º
P-1250 Lisboa
Sími: (351-1) 350 98 00
Bréfasími: (351-1) 350 98 01/02/03
http://euroinfo.ce.pt

FINNLAND

Euroopan komissio
Suomen edustusto
Europeiska kommissionen
Representationen i Finland
31 Pohjoisesplanadi/Norra esplanaden 31
FIN-00100 Helsinki/Helsingfors
Sími: (358-9) 622 65 44
Bréfasími: (358-9) 65 67 28 (lehdistö ja tiedotus/press och information)

SVÍÞJÓÐ

Europeiska Kommissionen
Representation i Sverige
Nybrogatan 11, Box 7323
S-10390 Stockholm
Sími: (46-8) 562 444 11
Bréfasími: (46-8) 562 444 12
http://www.eukomm.se

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

European Commission
Representation in the United Kingdom
Jean Monnet House
8 Storey's Gate
London SW1 P3 AT
United Kingdom
Sími: (44-171) 973 19 92
Bréfasími: (44-171) 973 19 00, 973 19 10

European Commission
Representation in Northern Ireland
9/15 Bedford Street (Windsor House)
Belfast BT2 7EG
United Kingdom
Sími: (44-1232) 24 07 08
Bréfasími: (44-1232) 24 82 41

European Commission
Representation in Wales
4 Cathedral Road
Cardiff CF1 9SG
United Kingdom
Sími: (44-1222) 37 16 31
Bréfasími: (44-1222) 39 54 89

European Commission
Representation in Scotland
9 Alva Street
Edinburgh EH2 4PH
United Kingdom
Sími: (44-131) 225 20 58
Bréfasími: (44-131) 226 41 05
http://www.cec.org.uk

Póstföng upplýsingaskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar í EFTA-ríkjunum:

NOREGUR

European Commission Delegation in Norway
Haakon VII's Gate 10 (9th floor)
N-0161 Oslo
Sími: (47-22) 83 35 83
Bréfasími: (47-22) 83 40 55

Einnig er unnt að fá eyðublöð fyrir tilkynningar og umsóknir, ásamt ítarlegri upplýsingum um samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu, hjá eftirtöldum skrifstofum:

ÍSLAND

Samkeppnisstofnun (Icelandic Competition Authority)
Laugavegi 118
Pósthólf 5120
IS-125 Reykjavík
Ísland
Sími: (354-5) 527 422
Bréfasími: (354-5) 627 442

LIECHTENSTEIN

Amt Für Volkswirtschaft (Office of National Economy)
Gerberweg 5
FL-9490 Vaduz
Sími: (41-75) 236 68 73
Bréfasími: (41-75) 236 68 89

NOREGUR

Norwegian Competition Authority
PO Box 8132 Dep.
0033 Oslo
Norway
Sími: (47-22) 40 09 00
Bréfasími: (47-22) 40 09 99

II. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ TR(B) ([1])

Senda skal frumrit þessa eyðublaðs og fylgiskjala og 17 afrit ásamt skjalfestu fulltrúaumboði.

Ef svar rúmast ekki fyrir aftan spurningu má nota viðbótarblöð og auðkenna á þeim hvaða atriðum þau tengjast.

TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUBANDALAGSINS

Aðalskrifstofa samkeppnismála
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels.

Tilkynning um samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 í því skyni að fá yfirlýsingu um að bannið í 2. gr. gildi ekki vegna ríkjandi óvissuástands eins og um getur í 6. gr. reglugerðarinnar ([2]).

I. **Upplýsingar um aðila**

1. Kenninafn, eiginnöfn og póstfang þess sem leggur fram tilkynningu. Ef sá hinn sami er með fulltrúaumboð skal einnig tilgreina nafn og póstfang eigendanna eða hluthafanna eða nöfn lögfræðinga í umboði lögpersóna ef um lögpersónur er að ræða.

   Leggja verður fram vottorð til að staðfesta umboð fulltrúans.

   Ef tilkynningin er lögð fram af fleiri en einum einstaklingi eða fyrir hönd fleiri en eins fyrirtækis skal veita þessar upplýsingar um hvern aðila eða fyrirtæki.

2. Heiti og póstfang fyrirtækjanna sem eru aðilar að samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni og kenninafn, eiginnöfn og póstfang eigendanna eða hluthafanna eða nöfn lögfræðinga í umboði lögpersóna ef um lögpersónur er að ræða (nema þessar upplýsingar hafi þegar verið veittar í lið I.1).

   Ef fyrirtækin, sem eru aðilar, leggja ekki öll fram tilkynningu skal tilgreina hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að hin fyrirtækin fái vitneskju um hana.

   Þessar upplýsingar eru ekki nauðsynlegar þegar um er að ræða staðlaða samninga (sjá b-lið liðar II.2).

3. Hafi verið stofnað fyrirtæki eða sameiginleg skrifstofa samkvæmt samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni skal tilgreina heiti og póstfang fyrirtækisins eða skrifstofunnar og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess.

4. Beri fyrirtæki eða sameiginleg skrifstofa ábyrgð á framkvæmd samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar skal tilgreina heiti og póstfang fyrirtækisins eða skrifstofunnar og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess/hennar.

   Afrit af samþykktum þess/hennar skal fylgja með.

5. Ef um er að ræða ákvörðun samtaka fyrirtækja skal tilgreina heiti og póstfang samtakanna og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess.

   Afrit af samþykktum þeirra skal fylgja með.

6. Hafi fyrirtækin staðfestu eða aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilgreina nafn og póstfang fulltrúa eða útibús sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

([1]) Tilkynningar á eyðublaði TR(B), sem framkvæmdastjórnin gefur út, og samsvarandi eyðublaði, sem EFTA gefur út, eru jafngildar. Tilvísanir til EFTA-ríkja ber að skilja sem EFTA-ríkin sem eru samningsaðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

([2]) Sjá einnig þessa reglugerð eins og hún hefur verið aðlöguð að EES-samningnum (10. liður XIV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur „EES-samningurinn").

II. **Upplýsingar um inntak samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar**

1. Tekur samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin til flutnings:

   — á járnbrautum,

   — á vegum,

   — á skipgengum vatnaleiðum,

   eða starfsemi þeirra sem veita stoðþjónustu við flutninga

2. Liggi inntakið fyrir í rituðu máli skal afrit af óstyttum texta fylgja með nema kveðið sé á um annað í a- eða b-lið hér á eftir.

   a) Hafa aðeins verið gerð drög að samningi eða ákvörðun?
   Ef svo er skal afrit af óstyttum texta einstakra samninga og framkvæmdarákvæða fylgja með.

   b) Er um staðlaðan samning að ræða, þ.e. samning sem fyrirtækið, sem leggur fram tilkynninguna, gerir reglulega við tiltekna einstaklinga eða hópa einstaklinga?
   Ef svo er nægir að texti staðlaða samningsins fylgi með.

3. Liggi inntakið ekki fyrir í rituðu máli, eða aðeins að hluta til, skal lýsa inntakinu hér.

4. Í öllum tilvikum skal að auki veita upplýsingar um:

   a) dagsetningu samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar;

   b) gildistökudag og, þar sem við á, fyrirhugaðan gildistíma;

   c) efni: nákvæma lýsingu á viðkomandi flutningsþjónustu eða öðru viðfangi samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar;

   d) markmiði samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar;

   e) skilmála er varða aðild, úrsögn eða uppsögn;

   f) hugsanleg viðurlög gegn þátttökuríkjum (svo sem refsiákvæði og útilokun).

III. **Leiðir til að ná markmiðum samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar**

1. Tilgreinið hvort og að hve miklu leyti samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin varði:

   — aðild að tilteknum flutningsgjöldum og -skilmálum eða öðrum rekstrarskilmálum,

   — takmörkun eða stýringu á flutningsframboði, tækniþróun eða fjárfestingu,

   — skiptingu flutningsmarkaða,

   — takmarkanir á frelsi til að gera samninga um flutninga við þriðju aðila (einkasamningar),

   — beitingu mismunandi skilmála fyrir jafngilda þjónustu.

2. Varðar samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin flutningsþjónustu:

   a) aðeins í einu aðildarríki eða EFTA-ríki?

   b) milli aðildarríkja?

   c) milli EFTA-ríkja?

   d) milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja?

   e) milli aðildarríkis eða EFTA-ríkis og þriðju ríkja?

   f) milli þriðju ríkja sem fara gegnum eitt eða fleiri aðildarríki EB og/eða eitt eða fleiri EFTA-ríki?

IV. **Greinargerð um skilyrði sem samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin þarf að uppfylla til að verða undanþegin banni samkvæmt 2. gr.**

Lýsið að hve miklu leyti:

1. flutningsmarkaðurinn hefur orðið fyrir röskun,
2. samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin er nauðsynleg til að draga megi úr þessari röskun,
3. samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin útrýmir ekki samkeppni á verulegum hluta viðkomandi flutningsmarkaðar.

V. **Tilgreinið hvort þið hyggist leggja fram frekari rökstuðning og, ef svo er, fyrir hvaða atriðum**

Undirritaðir lýsa því hér með yfir að þær upplýsingar, sem veittar eru hér að framan og í meðfylgjandi viðaukum, eru réttar. Þeim er kunnugt um ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68.

Staður og dagsetning:

Undirskriftir:

14. júlí 2000 Nr. 585

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. e bætist við ný grein, 1. gr. f, sem orðast svo:

Með vísan til reglugerðar nr. 230/1997 um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, birtist hér sem fylgiskjal reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 (17/62).

Sú breyting felst í reglugerð þessari að reglugerð nr. 3385/94 verður ekki birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og er því birt hér í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.